

Guðmundur Daði Haraldsson
Flókagötu 16
105 Reykjavík

Umsögn um tillögur stjórnlagaráðs um breytingar á stjórnarskrá Íslands

140. löggjafarþing, 3. mál, þingskjal 3.

Reykjavík, 19. nóvember 2011

Um 66. grein

Ákvæðið mun gera kjósendum kleift að leggja fram lagafrumvörp fyrir Alþingi, verði ákvæðið að lögum. Tíu prósent kjósenda þarf að styðja lagafrumvarp, til að Alþingi geti tekið við því.

Hugmyndin á bakvið ákvæðið er að kjósendur – þeir sem veita Alþingi völd til að stjórna landinu – geti lagt fram mál sem varða land þeirra og samfélag. Kjósendur geti því haft bein áhrif á lög sem aftur hafi áhrif á gang samfélagsins. Í núverandi stjórnfyrirkomulagi geta kjósendur ekki haft slík áhrif, nema þá þeir þeirra sem eru þingmenn.

Hugmyndin er góð, en útfærslan er stórkostlega gölluð. Til að sjá af hverju er best að skoða dæmi: Tuttugu og fjögur þúsund manns (~10% kjósenda árið 2011) taka sig til, og lýsa sig samþykka frumvarpi sem smærri hópur fólks hefur skrifað. Lagafrumvarpið er lagt fyrir Alþingi, sem tekur við því. Setjum sem svo að Alþingi leggi til mótfrumvarp – en það skiptir ekki höfuðmáli hér. Flutningsmenn frumvarps kjósenda draga frumvarp sitt ekki til baka. Alþingi boðar til þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarp kjósenda og sitt – en jafnframt lýsir það því yfir að kosningin sé ekki bindandi. Kosningin fer fram og yfirgnæfandi hluti kjósenda er samþykkur lagafrumvarpi kjósenda. Frumvarp Alþingis er fellt. Gerum hér ráð fyrir að hátt hlutfall kjósenda taki þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni, um 80%. Alþingi ákveður því næst að frumvarp kjósenda verði ekki að lögum.

Það sem þetta einfalda en fyrirsjáanlega dæmi, sýnir er hve ólýðræðislegt og tilgangslítið ákvæðið getur orðið í framkvæmd:

a) Ákvæðið getur orðið til þess að vilji meirihluta kjósenda verði ekki að veruleika, vegna þess að fámennur hópur (Alþingi) ákveður að þjóðaratkvæðagreiðslan sé ekki bindandi og að hún sé hunsuð.

b) Ein grunnhugmynd okkar stjórnkerfis er að Alþingi lúti vilja kjósenda, því valdið komi í raun frá fólkinu í landinu. Þetta ákvæði brýtur gegn þessari hugmynd, því samkvæmt ákvæðinu getur Alþingi einhliða ákveðið að lúta ekki vilja kjósenda; kjósendur hafi því ekkert að segja um mál sem þeir lögðu fram og samþykktu að ætti að verða að lögum – mótsögnin blasir við.

c) Þjóðaratkvæðagreiðslan endar sem dýr og óþarflega flókin skoðanakönnun; mjög góð til að kanna vilja kjósenda, en ekkert meir.

Lagt er til að úr þessu verði bætt. Einfaldasta leiðin væri að fella út setninguna „Alþingi getur ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi“ og í staðinn komi: „Þjóðaratkvæðagreiðslan skal vera bindandi“. Þessi breyting myndi útrýma þeim vandamálum sem hér voru nefnd að framan. Hafa ber í huga að ákvæðið, með þessari breytingu, myndi auka lýðræðið í landinu, miðað við núverandi fyrirkomulag þar sem almennir borgarar hafa engan möguleika á að leggja fram lagafrumvarp að eigin frumkvæði.

Eindregið er mælt til að þessi breyting verði gerð, og að allar mögulegar breytingar á ákvæðinu verði í þá átt að auðvelda almennum borgurum að taka þátt í stjórnun landsins og þess samfélags sem þeir mynda – hvort tveggja er jú þeirra.

Guðmundur D. Haraldsson (gudm.d.haralds@gmail.com)